

Skólaráðsfundur 8. desember 2021

Mættir: Elín (skólastjóri), Erla Brá og Sif (fulltrúar kennara), Stefán (fulltrúi starfsmanna), Helga (fulltrúi grenndarsamfélags), Bergný (fulltrúi foreldra), Björn Vignir og Addý (fulltrúar nemenda).

Fundur settur 16:15

1. Húsnæði Víkurskóla
 - a. Fórum og röltum um bygginguna og Elín sagði frá kennslustofunum. Það voru góðar umræður og almenn ánægja um skólann.
 - b. Vantar heimilisfræðistofu og inn í hana vantar eldavélar og háfa.
 - c. Smíðastofan er flott og gefur góða raun.
 - d. Mun leysa margt þegar nýr leikskóli er kominn. Þarf samt að fara í endurbætur á leikskólanum áður en skólinn fer í það húsnæði.
2. Umbótaáætlun Víkurskóla
 - a. Elín fór yfir umbótaáætlun skólans frá Ytra og innra matinu. Farið var yfir alla áætlunina og hver og einn liður útskýrður mjög vel. Umbótaáætlun er áætlun sem þarf að taka upp á ákveðnum tímapunkti. Margt er vel á veg komið og sumt búið að laga alveg en alltaf hægt að gera betur. Nokkir punktar hér fyrir neðan um það sem Elín útskýrir fyrir okkur og umræður út frá því.
 - b. Ekki gild skólastefna hjá sveitafélaginu í dag.
 - c. Það er búið að fá samþykki á umbótaáætlun, eini punkturinn sem kom á skýrsluna var að tíminn sem gefinn er í henni sé of knappur.
 - d. Efla samstarf við foreldrafélag Víkurskóla um ákvarðanir í skólastarfinu. Um þennan punkt komu fram góðar umræður m.a. hvernig er hægt að efla hvern einstakling sem situr í skólaráðinu og foreldrafélaginu.
 - e. Skrá upplýsingar um samskipti við leik-, grunn- og framhaldsskóla í starfsáætlun. Sveitafélagið er búið að gera starfssamning við Auðnast ehf til að vinna úr samskipta- og/eða ágreiningsvanda ef upp kemur.
 - f. Samræma þarf inntak og framsetningu á bekkjarnámskrá og námsáætlun. Þetta er vel á veg komið.
 - g. Halda áfram að þróa og samræma námsmat í skólanum. Þetta gengur hægt en er verið að vinna að þessu og unglíngastigið verður gefið í bókstöfum núna ásamt íþróttir og sund.
 - h. Nýta umræður og skoðanaskiptum markvisst í námi nemenda. Eigum að gera meira af þessu. Nemendur voru sáttir en alltaf er hægt að gera betur.
 - i. Komum illa út í Skólapúslinum í fyrra hvað varðar einelti. Fengum Vöndu Sig til okkar með fyrirlestur bæði fyrir starfsfólk og foreldra og hefur okkur fundist það hafa hjálpað mikið og gefið kennurum og öðru starfsfólki góð hjálpartæki fyrir kennslu.
 - j. Búið að birta umbótaáætlun á heimasíðu Víkurskóla.

Fundið slitið 17:09
Erla Brá Sigfúsdóttir ritar fundagerð